

Hafnarfirði, 28. nóvember 2018
1811179 RE

Efni: Fjölskylduþjónustan, fullnýtt útsvar, fyrirspurn

Á fundi Fjölskylduráðs þann 9. nóvember s.l. lagði fulltrúi Samfylkingarinnar fram eftirfarandi fyrirspurn:

“Útsvarið í Hafnarfirði er ekki fullnýtt í dag. Hvað má ætla að fullnýtt útsvar myndi skila aukalega í tekjur fyrir bæjarsjóð og hver yrði hlutur Fjölskylduþjónustunnar í þeirri hækkun?”

Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálasviði sveitarfélagsins þá myndu skatttekjur sveitarfélagsins vera áætlaðar um 54 milljón kr. hærrí en þær eru í núverandi áætlun fyrir árið 2019 ef innheimt væri hámarksútsvar. Hlutur Fjölskylduþjónustunnar væri því rúmar 9 milljónir kr. miðað við óbreytt hlutfall af heildarrekstri sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,



Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu.